



129 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 8 mars 2017 kl.10.00 á skrifstofu SSV í Borgarnesi

Mætt voru; Mætt voru; Raket Óskarsdóttir, Ása Helgadóttir, Eggert Kjartansson, Guðveig Eyglóardóttir, Magnús Smái Snorrason, Árni Hjörleifsson, Eypór Garðarsson, Hilmar Hallvarðsson, Guðveig Eyglóardóttir, Ingveldur Guðmundsdóttir og Gunnhildur Björnsdóttir mætti í forföllum Valgarðs Jónssonar. Hafdís Bjarnadóttir og Björn Hilmarsson boðuðu forföll.

Einnig sátu fundinn Páll S Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV, og Hrefna B. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Raket Óskarsdóttir, formaður SSV, setti fund kl. 10.00

1. Framlögð fundargerð frá 128 fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 128 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Almenningsamgöngur

a. Rekstur almenningsamgangna

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöðu á rekstri almenningsamgangna á rekstrarsvæði SSV árið 2016.

b. Mögulegar breytingar á leiðarkerfi almenningsamgangna á Vesturlandi

Lagt fram minnisblað með tillögu að sumarátætlun Strætó 2017 á Vesturlandi. Tillögur að sumarátætlun fyrir leið 57, 58, 59 og 81 voru samþykktar. Framkvæmdastjóra var falið að taka saman minnisblað um rekstur á leið 86, auk þess að skoða viðbót á leið 82 sem er akstur frá Hellissandi að Arnarstapa. Þá var framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi með Akraneskaupstað varðandi fjölda biðstöðva á Akranesi. Loks var rætt um gjaldskrá á milli Akraness og Borgarness og samþykkti stjórn að breyta gjaldskrá þannig að aðeins séu tvö gjaldsvæði á milli þessara staða.

Í umræðunni var spurst fyrir um fyrirhugaðar flóasiglingar á milli Akraness og Reykjavíkur.

Raket fór yfir flóasiglingaverkefnið sem hún sagði m.a. vera hugsað til að ná ferðamönnum úr Reykjavík upp á Akranes. Hún sagði þetta vera tilraunaverkefni sem hugsað væri fyrir komandi sumar.

Að lokum var rætt um lengd samnings við Vegagerðina, en hann rennur út í árslok 2018 sem og samningar við verktaka. Viðræður vegna endurnýjunar samnings við Vegagerðina munu trúlega hefjast á þessu ári, en almenn óánægja er hjá landshlutasamtökunum yfir því hve lítið fjármagn fylgir verkefninu.

3. Aðalfundur SSV 2017

Lögð fram tillaga að dagskrá aðalfundar SSV árið 2017 sem fer fram á Hótel Hamri miðvikudaginn 29 mars n.k. Tillagan var samþykkt.

Rætt um hækkun þingfararkaupts og áhrif hækkunarinnar á laun stjórnar SSV.

Framkvæmdastjóra falið að skoða hvaða áhrif úrskurður kjararáðs hefur haft á launkjör fulltrúa í sveitarstjórnnum á Vesturlandi og stjórnarmanna hjá öðrum landshlutasamtökum. Sent verður út minnisblað til stjórnar.

4. Ársreikningur SSV

Lagt fram uppgjör yfir rekstur SSV árið 2016, en ársreikningurinn er þessa dagana til endurskoðunar.

Heildartekjur eru kr. 440.089.384 kr. sem skiptast þannig: Heildartekjur ef rekstri almenningsamgangna er 321.303.697 kr. og tekjur af rekstri SSV kr. 118.785.687.

Rekstrargjöld eru 431.333.478 kr. sem skiptast þannig: Rekstur almenningsamgangna 314.245.579 kr. og heildartjöld rekstur SSV kr. 117.087.899 Fjármunagjöld kr. 34.586.

Hagnaður ársins 8.732.430 kr. Þar af eru 1.697.788 kr. rekstrarafgangur vegna reksturs SSV og 7.023.532 kr. rekstrarafgangur vegna almenningsamgangna. Hafa ber í huga að stór hluti af rekstrarafgangi almenningsamgangna er vegna framlags Vegagerðarinnar til að lækka skuldir af almenningsamgöngum frá árinu 2012.

Framkvæmdastjóri fór yfir tekju- og rekstrarliði í ársreikningi og var hann samþykktur samhljóða.

Guðveig Eyglóardóttir mætti til fundarins.

5. Málefni fatlaðra

Lagt fram uppgjör fyrir rekstur þjónustusvæðis um málefni fatlaðra á Vesturlandi árið 2016.

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að ársreikningi. Heildartekjur kr. 590.728.132 kr.

Rekstrarframlög til félagsþjónustusvæða og sameiginlegur kostnaður kr. 588.760.138 kr.

Fjármunatekjur kr. 409.133 kr. og Rekstrarafgangur kr. 2.377,237 kr. Framkvæmdastjóri

skýrði frá fundi Þjónustaráðs Vesturlands frá 7. mars sl. þar sem rætt var um gæðaúttekt

fyrir þjónustu við fatlaða á Vesturlandi. Fundargerð frá 7. mars lögð fram og staðfest.

Stjórn SSV fagnar tillögum þjónustaráðs um gæðaúttekt.

6. Úthlutanir úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands árið 2017

Lagt fram minnisblað um vinnu við úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands árið 2017.

Jafnframt rætt um endurskoðun á verklagsreglum og vinnulagi við úthlutanir úr sjóðnum.

Umsóknarfrestur rann út 27. febrúar sl. en alls bárust 133 umsóknir.

Menningarstyrkir	82 umsóknir
Stofn- og rekstrarstyrkir	16 umsóknir
Nýsköpun og atvinnuþróun	35 umsóknir

Fyrirhuguð er úthlutunarátið þann 31. mars nk. haldin í Dalabyggð

7. Samgöngumál

Rætt um stöðu samgöngumála á Vesturlandi í tengslum við fyrirhugaðan niðurskurð ríkisins á fjárveitingum á Vesturlandi með hliðsjón af samgönguáætlun.

Samkvæmt samgönguáætlun átti að fara í vegabætur á Uxahryggjavegi og Skógarstrandarvegi, en flest bendir til þess að báðum þessum framkvæmdum verði frestað. Þá verður framlag til tengivega mun lægra en gert var ráð fyrir í samgönguáætlun.

Lögð fram bókun:

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) mótmælir harðlega fyrirhuguðum niðurskurði á fjárveitingum til vegabóta. Í landshlutanum voru áætlaðar aðeins tvær nýframkvæmdir á árinu 2017, annars vegar áframhaldandi framkvæmdir við veg um Uxahryggi og hins vegar framkvæmdir við veg um Skógarströnd. Samtals voru þetta framkvæmdir fyrir um 450 m.kr.

Á undanförnum árum hefur verið lítið um fjárveitingar til vegabóta á Vesturlandi og ljóst að ekki eru stórar framkvæmdir fyrirhugaðar á allra næstu árum samkvæmt áætlunum Vegagerðarinnar. Því er óásættanlegt að horfa upp á það að þær fjárveitingar sem þó áttu að fara til framkvæmda á Vesturlandi séu skornar af. Gríðarleg umferðaraukning hefur orðið í landshlutanum með fjölgun ferðamanna. Vegur um Skógarströnd og vegur um Uxahryggi eru mjög vinsælar ferðamannaleiðir þar sem þörf fyrir endurbætur eru orðnar mjög brýnar. Mikið hefur verið um óhöpp á þessum leiðum og má benda á að vegur um Skógarströnd var nánast illfær s.l. sumar sem orsakaði fjölda óhappa. Þá mótmælir stjórn SSV þeim niðurskurði sem orðið hefur á fjárveitingum til tengivega. Á Vesturlandi eru 626 km tengivega og framlög til þeirra eru aðeins nokkrar milljónir á árinu 2017 og hafa flestar framkvæmdir við tengivegi verið skornar niður.

Vestlendingar hafa lagt mikla vinnu í að búa til sameiginlega samgönguáætlun fyrir landshlutann. Í gegnum þá vinnu hafa sveitarfélögin náð að stilla saman strengi og sameinast um forgangsröðun framkvæmda. Vegir um Uxahryggi og Skógarströnd voru meðal þeirra verkefna sem sett voru í forgang og sátt ríkti um mikilvægi þeirra framkvæmda.

Stjórn SSV hefur skilning á því að fjármagn til samgöngumála sé takmarkað og leita þurfi nýrra leiða til að fjármagna nauðsynlegar samgöngubætur. Það er hins vegar ólíðandi að allar framkvæmdir á Vesturlandi séu skornar niður. Því leggjum við á það ríka áherslu að ákvörðun um niðurskurð framkvæmda á Vesturlandi verði endurskoðuð og fjármagni verði veitt til nýframkvæmda við vegi á Vesturlandi.

8. Kosning ritara SSV

Kosinn nýr ritari SSV.

Eggert Kjartansson kosinn ritari stjórnar SSV með öllum greiddum atkvæðum.

9. Framlögð mál

a. Lagt fram yfirlit frá framkvæmdastjóra um fundi sem hann hefur sótt í desember og janúar.

Framkvæmdastjóri fylgdi yfirlitinu eftir sem lagt var fram.

b. Þingmannafundur og fyrirkomulag þeirra.

Formaður vakti máls á þingmannafundi og hvernig Vesturland getur komið fram með málefni tengd landshlutanum á þingmannafundum. Jafnframt ræddi Rakel hugmyndir að því hvernig mætti efla samskipti SSV við þingmenn kjördæmisins Stjórnarmenn tóku undir hugmyndir Rakelar.

Fundi slitið kl. 12:25.

